

Velferðarnefnd Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Umsögn um þingmál 152 (þingskjal 152): Þingsályktun um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum (tvöfalt lögheimili)

Skilnaður barnafólks er algengur á Íslandi, svo mjög að eitt af hverjum þremur börnum býr ekki hjá báðum lífforeldrum og líklega hafa um tólfhundrað íslensk börn upplifað skilnað foreldra sinna á þessu ári. Í ljósi þessa er dapurlegt til þess að vita að rannsóknir hafa ítrekað sýnt að þessi börn standa höllum fæti á flestum sviðum.

Í seinni tíð hefur orðið breyting á því fyrirkomulagi sem stór hluti foreldra velur að viðhafa eftir skilnað. Á sama tíma hefur orðið hugarfarsbreyting gagnvart hlutverki og skyldum feðra í uppeldi barna sinna. Það er orðið fátítt að feður hverfi úr lífi barna sinna eins og áður, og helgarpabba-fyrirkomulagið sem var algengt fyrir nokkrum árum, þykir flestum foreldrum óásættanlegt.

Í takt við aðra þróun í jafnréttismálum hefur það færst í vöxt að börn búi jafnt til skiptis hjá fráskildum foreldrum sínum. Árið 2006 bjuggu 4,1% barna í 6.-8. bekk við þetta fyrirkomulag (Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008) en í nýrri rannsókn Benedikts Jóhannssonar (2012) kom í ljós að svo var ástatt um 5,2% barna í 8.-10. bekk. Það er einnig hægt að sjá aukninguna í þessu fyrirkomulagi með því að horfa á algengi þess eftir aldurshópum; í rannsókn Benedikts á þetta við um 3,7% barna í 10. bekk en 6,6% í 8. bekk. Sömu tilhneigingu var að sjá í rannsókn okkar Þórodds. Ólíklegt er annað en að þessi þróun haldi áfram í sömu átt á næstu misserum. Helsta ástæðan fyrir þeirri spá er að þetta fyrirkomulag gefur góða raun. Hjá Rannsóknarsetri forvarna við Háskólann á Akureyri höfum við í nokkur ár tekið þátt í alþjóðlegri rannsókn á heilsu og lífskjörum skólubarna á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og meðal annars birt tvær greinar í alþjóðlegum vísindaritum um stöðu og líðan barna eftir skilnað (Bjarnason o.fl., 2012; Bjarnason & Arnarsson, 2011) og eina á innlendum vettvangi (Ársæll Arnarsson & Þóroddur Bjarnason, 2008). Úrtakið í rannsókn okkar eru um 200 þúsund börn frá 36 löndum í hinum vestræna heimi, þar af tæplega 12 þúsund íslensk börn. Okkar niðurstöður sýna að börn sem búa jafnt til skiptis hjá fráskildum foreldrum sínum eiga í jafn góðum eða betri samskiptum við foreldra sína miðað við þau börn sem búa hjá báðum líffræðilegum foreldrum. Þessi börn eiga því í mun betri samskiptum en önnur börn fráskilinna foreldra. Í öðru lagi sýna rannsóknir okkar að börn eyða meiri tíma með föður sínum ef um jafnskipta búsetu er að ræða heldur en börn í öllum öðrum fjölskyldugerðum. Í heildina eyða þessi börn meiri tíma með foreldrum sínum en önnur börn hvort sem foreldrar þeirra eru fráskildir eður ei. Þessi aukni tími í samveru með foreldrum kann einnig að skýra þá niðurstöðu að samskipti barna við föður eru marktækt best hjá þeim börnum sem búa í jafnt til skiptis, jafnvel örlítið betri en þeirra sem búa hjá giftum foreldrum. En þó samskipti barna við föður sinn virðist vera mun betri hjá þeim sem hafa börnin jafnt til skiptis en öðrum fráskildum foreldrum, virðist það alls ekki koma niður á samskiptum þessara barna við mæður sínar. Þvert á móti eiga þær í betri samskiptum en t.d. einstæðar mæður við sín börn. Jafnskipt búseta virðist þannig auka virkni feðra í uppeldi barna sinna og hvetja til jafnari skiptingar ábyrgðar og verkefna. Feður í þessum aðstæðum virðast þannig taka föðurhlutverkið fastari tókum en bæði þeir sem búa með barnsmæðrum sínum og helgarpabbar. Jafnskipt búseta getur þannig tryggt að báðir foreldrar haldist virkir í lífi barna sinna og eigi við þau góð samskipti.

Ný rannsókn Benedikts Jóhannssonar sálfræðings á áhrifum fjölskyldugerðar á tæplega 11 þúsund íslensk börn í 8.-10. bekk, sýnir að lífsánægja barna sem búa jafnt til skiptis hjá fráskildum foreldrum er jafn mikil og þeirra sem búa hjá báðum lífforeldrum. Lífsánægja barna í öllum öðrum fjölskyldugerðum reyndist hins vegar marktækt minni. Í úttekt sinni kemst Benedikt að eftirfarandi niðurstöðu: „Athyglisvert er að hið nokkuð umdeilda fyrirkomulag að börn og unglingar búi til skiptis hjá foreldrum sínum kemur að jafnaði betur út í þessari könnun en annað fyrirkomulag á búsetu unglinga eftir skilnað“ og einnig að „unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum eigi auðveldara með að fá hlýju frá foreldrum sínum en aðrir unglingar eftir skilnað og eyði meiri tíma með foreldrum sínum. Könnunin sýnir einnig að eftirlit af hálfu foreldra er ekki minna með unglungum sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum en með unglungum sem búa við aðrar fjölskyldugerðir eftir skilnað.“

Horfandi á niðurstöður þessara þriggja stóru nýju rannsókna, með 11 þúsund, 12 þúsund og 200 þúsund börn sem þátttakendur, hlýt ég að fagna því að komin sé fram tillaga um að athuga möguleikann á því að skjóta frekari lagastöðum undir þetta ört vaxandi fyrirkomulag sem virðist geta dregið úr neikvæðum áhrifum skilnaðar á börn. Mikilvægt er að Alþingi búi til lagamma sem styður fráskilda foreldra í þeirri viðleitni að búa börnum sínum sem best athvarf.

Heimildir

Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. Jafnt til skiptis. Tvískipt búseta barna og samskipti þeirra við foreldra. Í: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir, ritstjórar. Þjóðarspegill - Rannsóknir í félagsvísindum IX. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; 2008. Bls. 151-158.

Benedikt Jóhannsson. Til skiptis hjá foreldrum-Líðan og aðlögun unglinga eftir fjölskyldugerðum. Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar; 2012.

Bjarnason o.fl. Life satisfaction among children in different family structures: A comparative study of 36 western societies. *Children & Society* 2012, 26(1), 51-62

Bjarnason & Arnarsson. Joint Physical Custody and Communication with Parents: A Cross-National Study of Children in 37 Western Countries. *Journal of Comparative Family Studies* 2011, 42(6): 871-890

Virðingarfyllt

Dr. Ársæll Már Arnarsson, prófessor í sálfræði

Háskólinn á Akureyri